

Ed.

35. Þingsályktun

um rannsókn á húsnæði fyrir fornmenja- og málverkasafnið.

(Afgreidd frá Ed. 14. nóv.).

Efri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að rannsaka, hvort hægt væri að geyma fornmenjasafnið og listaverk, sem landið á, í þeim hluta þjóðleikhússins, sem fyrst um sinn þarf ekki að nota vegna leiksýninga, þó að húsið verði fullgert, og leggja áætlun um kostnað, er af þessu leiddi, fyrir næsta Alþingi.